

## **M-105/2016 Álit 30. desember 2016**

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 30. desember 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-105/2016:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 8. desember sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings við Y, hér eftir einnig nefnd gagnaðili. Álitsbeiðandi telur að gagnaðili skuldi sér fyrir vinnu við fasteign hennar, sem hann hugðist leigja af henni, og krefur gagnaðila um greiðslu kr. 167.500.

#### **II**

##### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur um viðskipti sem falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lög nr. 42/2000 um þjónustukaup og lög nr. 48/2003 um neytendakaup er á valdsviði nefndarinnar, þ.e. að nefndin gefur álit sitt á því hvernig hann eigi að leysa. Sá ágreiningur sem lýst er í álitsbeiðni varðar vinnu sem álitsbeiðandi vann við fasteign gagnaðila, en álitsbeiðandi hugðist og leigja fasteignina að verki loknu. Ætti ágreiningur aðila eðli sínu samkvæmt að falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Í 1. gr. þeirra laga segir að lögin taki til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi þegar veitt þjónusta feli m.a. í sér vinnu við fasteignir o.fl. Virðist vinna álitsbeiðanda við fasteign gagnaðila hafa verið í tengslum við væntanlega leigu hans á fasteigninni af gagnaðila, en ekki gerð í atvinnuskyni í skilningi 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Getur ágreiningurinn því ekki fallið undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Ekki verður heldur séð að ágreiningurinn falli undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup eða lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Fellur það þannig utan valdsviðs nefndarinnar að gefa álit á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðninni. Af þeim sökum er óhjákvæmilegt fyrir kæruneftndina að vísa frá sér álitsbeiðni X, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

### III

#### Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson